



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um samningsmarkmið Reykjavíkurborgar**

Á fundi borgarráðs þann 2. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

*Reykjavíkurborg hefur sett fram samningsmarkmið vegna uppbyggingarsvæða í Reykjavík, á nýjum byggingarreitum er oft samið um kauprétt Félagsbústaða á 5% íbúða og að 20% íbúða verði skilgreindar sem leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Hafa samningsmarkmiðin alltaf náð fram að ganga? Hversu margar íbúðir hafa farið til Félagsbústaða vegna þessara samningsmarkmiða og hversu margar hafa verið skilgreindar sem leiguíbúðir vegna samningsmarkmiða á síðustu fimm árum?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 7. febrúar sl.

#### **Svar:**

Frá árinu 2018 þá hafa verið gerðir tugir samninga við lóðarhafa vegna uppbyggingarsvæða í Reykjavík á grundvelli samningsmarkmiða.

Hingað til hafa samningsmarkmiðin alltaf náð fram að ganga þar sem þau eiga við.

Í öllum uppbyggingarsamningunum sem samið eru um á grundvelli samningsmarkmiða er 5% kaupréttur félagsbústaða.

Íbúðarfjöldi til félagsbústaða frá 2018-2022 er 177. Það er ekki tæmandi talning þar sem ekki liggur fyrir íbúðarfjöldi í samningnum á Ártúnshöfða og um bensinstöðvalóðirnar. En þar er 5% kaupréttur til félagsbústaða.

Íbúðarfjöldi leiguíbúða vegna samningsmarkmiða síðustu fimm árin eru 698. Hér er heldur ekki tæmandi talning þar sem íbúðarfjöldi liggur ekki fyrir í samningum á Ártúnshöfða og um bensinstöðvalóðirnar. En þar er samið um 20% leiguíbúðakvöð.

Ívar Örn Ívarsson  
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara